



FÉLAG
ELDRI
BORGARA

Alþingi
Erindi nr. **P** 132/2188
komudagur 31.6.2006

Heilbrigðis – og tryggingamálanefnd

Reykjavík, 31. maí 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Félag eldri borgara í Reykjavík hefur farið yfir frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir við það:

Með frumvarpinu eru engar athugasemdir við einstaka greinar og því stundum erfitt að átta sig á í hverju breytingarnar eru fólgnar.

1. gr.

Hvað þýðir þessi breyting.?

2. gr.

1.og 2. málsgrein fela í sér ágætar breytingar að okkar mati. 3. málsgrein virðist vera sett inn til að skjóta styrkari stoð undir reglugerð nr. 241/2006 um greiðslubátttöku TR vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í hjartalækningum, sem tók gildi 1. apríl sl. Það hefur borið á því undanfarið að samþykktar eru reglugerðir sem ekki eiga stoð í lögum og teljum við það mjög alvarlegt athæfi. Við teljum að með ofanefndri reglugerð hafi verið stigið skref að tvöföldu heilbrigðiskerfi. Við teljum að með tilvísunarkerfinu sé allt of mikið álag sett á þá sjúklinga sem þurfa á sérfræðingum í hjartalækningum að halda, því þeir þurfa að fara á þrjá staði í stað eins áður. Heilsugæslan er engan veginn í stakk búin til að taka á þessu því bið eftir heilsugæslulækni getur farið upp í 10 daga og þó nokkur hópur fólks hefur engan heimilis/heilsugæslulækni og það fólk er því svikið af kerfinu. Reglugerðarheimild í lögnum er of rúm að okkar mati.

3. gr.

Í hverju felst breytingin: í stað “Þá skal Tryggingstofnun greiða kostnað” kemur Sjúkratrygging tekur til kostnaðar.

4. gr.

Engar athugasemdir

5.gr.

Engar athugasemdir þar sem eingöngu er um orðalagsbreytingar að ræða

6. gr.


Engar athugasemdir nema sú sama og í 3. gr.

7. gr.

Engar athugasemdir

Virðingarfyllst
f.h. Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni


Margrét Margeirsdóttir formaður


Stefanna Björnsdóttir framkvæmdastjóri